

Skólanámskrá

Hraunvallaleikskóla

Vinátta – Samvinna – Ábyrgð



Formáli

Námskrá leikskóla er lykilskjal sem mótar daglegt starf og markmið leikskólans. Hún endurspeglar gildin sem leikskólinn vill rækta með börnunum, eins og samvinnu, vináttu og ábyrgð, og sýnir hvernig þessi gildi fléttast inn í leik, nám og samskipti. Með skýrri námskrá fá bæði foreldrar og starfsfólk sameiginlegan skilning á því hvernig leikskólinn styður alhliða þroska, félagsfærni og vellíðan barna. Í öllu starfnui er horft á barnið sem hæfileikaríkan og getumikinn einstakling

Skólanámskráin byggir á aðalnámskrá Menntamálaráðuneytisins og mótast af sýn leikskólans og aðstæðum hans. Kennarar unnu saman að námskránni og ígrunduðu hver grunnpátt sérstaklega. Námskráin er því sameiginlegur sáttmáli starfsmanna sem stuðlar að markvissum, faglegum starfsháttum og gerir leikskólastarfið sýnilegra.

Einkunnarorð Hraunvallaleikskóla eru: Vináttu – Samvinna - Ábyrgð

Október 2022

Fyrir hönd starfsmanna Hraunvallaleikskóla

Guðbjörg Hjaltadóttir, leikskólastjóri



Hraunvallaskóli

Merki Hraunvallaskóla er einfalt en táknrænt

Myndræn tákni:

Segl / Dyggðirnar þrjár

Vínáttu, samvinna og ábyrgð

Gullnar reglur sem gilda

í öllum samskiptum hvortsem þau

eru við sjálfan þig eða aðra

Fley (bros)

Frelsi, farartæki og jákvæðni

Kemur þér þangað sem þú þarft að fara

í lífinu – með dyggðirnar þrjár innanborðs

verður leiðin farsæl

Litir; Merki gullið og letur dökkgrænt.

Gull: Víska, verðmæti, sól

Grænt; Gróska, vöxtur, blíða

Efnisyfirlit

Formáli.....	2
1 Inngangur.....	5
2 Leikskólinn Hraunvallaleikskóli.....	6
2.1 Starfsfólk leikskóla	6
2.2 Hlutverk leikskólastjóra.....	6
2.3 Hlutverk leikskólakennara og annarra starfsmanna	7
3 Hugmyndafræði og stefna Hraunvallaleikskóla.....	8
3.1 Leiðarljós leikskólastarfsins	9
3.2 Faglegar stoðir.....	10
3.3 SMT.....	11
3.4 Kennsluhættir leikskólans / Leikurinn.....	12
3.5 Námsumhverfi Hraunvallaskóla	14
4 Grunnþættir menntunar	15
4.1 Jafnrétti.....	15
4.1.1 Jafnrétti í leikskólastarfinu	15
4.2 Læsi.....	16
4.2.1 Læsi í leikskólastarfinu	16
4.3 Heilbrigði og velferð.....	17
4.3.1 Heilbrigði og velferð í leikskólastarfinu	17
4.4 Sjálfbærni	18
4.4.1 Sjálfbærni í leikskólastarfinu	18
4.5 Sköpun	19
4.5.1 Sköpun í leikskólastarfi.....	19
4.6 Lýðræði og mannréttindi	20
4.6.1 Lýðræði og mannréttindi í leikskólastarfi.....	20
5 Samþætt og skapandi leikskólastarf.....	21
5.1 Læsi og samskipti – markmið og leiðir	21
5.2 Heilbrigði og vellíðan - markmið og leiðir	22
5.3 Sjálfbærni og vísindi - leiðir.....	23
5.4 Sköpun og menning - leiðir	24
6 Fjölskyldan, upplýsingamiðlun og leikskólinn	25
6.1 Foreldrasamtöl.....	25
6.2 Opið hús.....	25
6.3 Foreldrafundir	26
6.4 Foreldraráð	26
6.5 Foreldrafélag.....	27
7 Tengsl skólastiga og tengsl við nærumhverfið	28
7.1 Sérkennsla.....	29

8	Mat og eftirlit.....	30
8.1	Ytra mat á leikskólastarfi.....	30
8.2	Innra mat á leikskólastarfi.....	31
8.2.1	Mat barna	31
8.2.2	Mat starfsmanna leikskólanna	31
8.2.3	Mat foreldra.....	31

1 Inngangur

Leikskólar eru menntastofnanir þar sem markmiðið er að koma til móts við mismunandi námsþarfir ólíkra barna og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Í hverjum leikskóla er skólanámskrá gefin út og er leikskólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar.

Aðalnámskrá byggir á lögum um leikskóla nr. 90/2008 og er rammi um leikskólastarfið og leiðsögn um tilgang þess og markmið. Námskráin birtir heildarsýn um menntun og útfærir nánar þá menntastefnu sem felst í lögnum og veitir upplýsingar um tilgang og starfsemi skóla. Hlutverk aðalnámskrárinnar er að birta menntastefnu stjórnvalda og ber leikskólum og starfsmönnum þeirra að fylgja ákvæðum hennar við skipulagningu leikskólastarfs. Aðalnámskrá á því að tryggja leikskólabörnum góðar aðstæður til náms í samræmi við gildandi lög og menntastefnu. Aðalnámskrá er helsta stjórnþæki fræðslufirvalda til að tryggja samræmi og samhæfingu leikskólastarfs við útfærslu sameiginlegrar menntastefnu. Námskráin er ein meginforsenda þess að mennta- og menningarmálaráðuneytið geti gegnt lögboðnu hlutverki sínu við að annast yfirstjórn og eftirlit með gæðum og framkvæmd skólastarfs. Aðalnámskrá veitir upplýsingar um helstu viðmið sem starfsemi leikskóla byggist á (Aðalnámskrá 2011 bls. 9-10).

Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu leikskóla og skólastefnu viðkomandi sveitarfélags. Skólanámskráin er endurskoðuð reglulega en árlega er gefin út sérstök starfsáætlun sem gerir grein fyrir árlegri starfsemi leikskóla, svo sem skóladagatali, áhersluatriðum í uppeldi og menntun barnanna svo og öðru því sem varðar starfsemi leikskólans sbr. 14. gr. laga nr. 90/2008. Tengsl á milli skólanámskrár og starfsáætlunar eru mikilvæg þar sem starfsáætlun tekur mið af endurmati og umbótum á skólastarfinu sem leiðir til breytingar á skólanámskrá leikskólans (Aðalnámskrá bls. 10-11).

Í leikskólum á velferð og hagur barna að vera leiðarljós í öllu starfi. Veita á börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla á að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla eiga að mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla eru:

- að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
- að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,
- að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
- að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
- að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun,
- að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta (Lög um leikskóla 2008/90)

2 Hraunvallaleikskóli

Hraunvallaskóli er bæði leik- og grunnskóli. Grunnskólinn hóf starfsemi sína haustið 2005 í bráðabirgðahúsnæði skólans að Ásvöllum. Haustið 2006 tók síðan fjögurra deilda leikskóli til starfa með 102 börn og 27 starfsmenn. Skólinn flutti inn í fyrsta áfanga í nýju húsnæði við Drekaelli 9 í Hafnarfirði. Haustið 2007 flutti skólinn inn í þriðja og síðasta áfanga skólans. Í dag er rúmar leikskólinn 84 börn á fjórum deildum á aldrinum 15 mánaða til 6 ára aldurs.

Deildarnar heita Hagi, Holt, Hóll og Höfði. Leikskólinn er opinn frá klukkan 7:30 – 16:30. Í leikskólanum starfa leikskólakennarar, sérkennarar, háskólamenntaðir starfsmenn og leikskóla og frístundaliðar.

Skólinn er rekinn af Hafnarfjarðarbæ. Mennta- og lýðheilsusvið Hafnarfjarðar hefur yfirumsjón með skólanum og sinnir jafnframt eftirliti.

2.1 Starfsfólk leikskóla

Forsendur að farsælu leikskólastarfi er mannauður leikskólans. Starfsfólk leikskóla ber að rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og af samviskusemi. Starfsfólkið skal gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki skv. 5. gr laga um leikskóla 2008. Fagmennska í leikskólastarfi snýst um börnin í leikskólanum, menntun þeirra og velferð. Á starfsfólki hvílir sú skylda að veita börnunum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva leikgleði þeirra og efla frjóa hugsun (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 11). Á herðum leikskólastjóra hvílir sú skylda að stuðla að samstarfi milli foreldra, starfsfólks leikskóla og annars fagfólks með velferð um hagi barna og foreldra þeirra. Einnig ber leikskólastjóra að brýna þagnarskyldu fyrir starfsfólki sínu sem felst í þagmælsku um vitneskju sem það fær í starfi sínu og skal fara leynt samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanns og eða eðli málsins 52. gr barnalaga, nr. 76/2003

2.2 Hlutverk leikskólastjóra

Leikskólastjóri er fag- og rekstrarlegur leiðtogi og ber honum að vera í forystu um þróun metnaðarfulls leikskólastarfs. Hlutverk hans er að leiða lýðræðislegt samstarf ólíkra hópa sem starfa inna leikskólans og leikskólastjóra að sjá til þess að starfsfólk leikskólans hafi tækifæri til að efla þekkingu sína og vera í stöðugri starfsþróun. Að lokum ber leikskólastjóra að sjá til þess að farið sé eftir aðalnámskrá, lögum og reglugerðum og stefnum sveitarfélagsins (Lög um leikskóla 2008/90; Aðalnámskrá leikskóla 2011)

2.3 Hlutverk leikskólakennara og annarra starfsmanna

Leikskólakennurum ber að gegna lykilhlutverkum í öllu leikskólastarfi. Þeir eiga að vera leiðandi í mótun uppeldis og menntastarfsins, fylgjast með nýjungum og miðla þekkingu. Þeir eiga að vera góðar fyrirmynd í starfi með börnum og leitast við að styrkja lýðræðislegt hlutverk leikskólans. Leikskólakennurum ber að sjá til þess að hvert barn fái notið hæfileika sinna og að námsumhverfi sé skipulagt á þann veg að börn fái notið bernsku sinnar. Leikskólakennarar eru í lykilhlutverki við skipulagningu og framkvæmd innra mats.

Allt starfsfólk leikskóla á að koma fram við börn af virðingu, taka tillit til og hlusta á þau. Starfsfólk ber ábyrgð á að vera í gefandi samskiptum við börn, samstarfsfólk og fjölskyldur barna. Starfsfólki ber að vinna í anda aðalnámskrár og tileinka sér þá sýn sem sett er fram til barna og náms (Aðalnámskrá bls. 11-12 og 31).



3 Hugmyndafræði og stefna Hraunvallaleikskóla

Hlutverk leikskólans er meðal annars að búa börnin undir áskoranir og verkefni daglegs lífs og hjálpa þeim að fóta sig í flóknu samhengi náttúru og samfélags, hluta og hugmynda. Leikskólabörn þurfa að hafa vitneskju um hvað þau geta og vita hvernig best er að beita þekkingu sinni og leikni til að hafa áhrif á umhverfi sitt og bæta það. Nám í leikskóla þarf að byggjast á námssamfélagi sem einkennist af grunnþáttum menntunar: læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindum, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun. Við skipulag leikskólastarfs skal lögð áhersla á nám og menntun barnanna og kennsluaðferðir og samskiptahættir, námsgögn og kennslutæki eiga að beinast fyrst og síðast að því að styðja börnin í námi sínu. Leikskólaskólastarf og nám, sem skilgreint er út frá grunnþáttum menntunar, er sinnt innan námssviða og það fléttað saman við námssviðin (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 22). Til að öðlast fjölbreytilega hæfni eiga leikskólabörnum að gefast tækifæri til að fást við mismunandi viðfangsefni sem tengjast menningu samfélagsins, umhverfi og daglegu lífi. Í öllu leikskólastarfi þarf að styrkja börn til að temja sér námshæfni þar sem hún er undirstöðupáttur í öllu leikskólastarfi og byggist á sjálfsskilningi og áhuga. Námshæfni felur í sér að þekkja eigin styrkleika og veikleika og að vera fær um að taka ákvarðanir á þeim grunni. Námshæfni byggist á eðlislægri forvitni barna, áhugahvöt þeirra, trú á eigin getu og hæfileika til að beita hæfni sinni í margvíslegum viðfangsefnum á uppbyggilegan hátt og því er mikilvægt að námsumhverfi í leikskólum sé örvandi (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 23-24). Í lýðræðisríki þurfa borgararnir að búa við mannréttindi og ráða öllum meiriháttar málum sínum sameiginlega. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær. Virðing fyrir manngildi og heilbrigði barna felur bæði í sér virðingu fyrir mannréttindum þeirra og viðurkenningu á hæfileikum og þroskamöguleikum þeirra. Leikskólum ber að rækta það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt og einstaklingarnir gagnrýnir og með framtíðarsýn. Umhyggja fyrir fólki, dýrum, umhverfi er einnig hluti lýðræðismenntunar og á heima í öllum námsgreinum auk þess sem gera á ráð fyrir virku samstarfi við heimili barna og grenndarsamfélagið (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls 19).

Kennsluaðferðir leikskólans leggja áherslu á að börnin fái tækifæri til að nota hugsun sína, eigin upplifanir og reynslu í vinnu með örvandi og skapandi viðfangsefni. Ásamt því að læra að þekkja eigin tilfinningar og öðlast skilning á hugtökunum samvinna – vinátta – ábyrgð í gegnum leikinn sem er náms- og þroskaleið barnsins. Hlutverk kennarans er að bera virðingu fyrir barninu, skapa traust, sýna áhuga og hvetja börnin til frumkvæðis. Leikskólanám er samþætt nám þar sem námssviðin og námsþættir fléttast inn í daglegt starf og leik barna. Leikskólastarfið er skipulagt með það í huga að vekja forvitni barna, frumkvæði, virkni, gleði og sjálfstæði. Kennarar skólans spyrja opinna spurninga og skapa börnunum aðstæður til tjáningar og sköpunar. Ásamt því að vera alltaf meðvitaðir um hvaða leið þeir fara til þess að barnið komist upp á næsta stig í þroska.

Leikskólastarf og leikskólauppeldi byggist á sérstökum uppeldisaðferðum og grundvallarhugmyndafræði. Mikilvægur grundvöllur eru kenningar fræðimanna og reynsla í starfi með börnum. Til að ná fram faglegum markmiðum leikskólans er horft til hugmyndafræði Berit Bae sem styður við þær samskiptaaðferðir sem leikskólinn leggur áherslu á. Einnig er horft til John Dewey sem lítur á að kennarar eiga að hafa þekkingu til að skapa aðstæður fyrir börn til að öðlast upplifanir í gegnum eigin reynslu og vinna úr henni.



3.1 Leiðarljós leikskólastarfsins

Einkunnarorð Hraunvallaskóla eru Vinátta – samvinna og ábyrgð og eiga þau að endurspeglast í öllu starfi leikskólans. Gullnar reglur sem gilda í öllum samskiptum hvort sem þau eru við sjálfan þig eða aðra. Þannig er stuðlað að því að börnin fái að njóta sín sem einstaklingar jafnframt því að læra að vinna saman, eignast vini og öðlast heilbrigða samkennd.

Einkunnarorð skólans eru undirstaða náms barna við allar daglegar aðstæður í leikskólanum. Í leiknum leggjum við áherslu á að skapa hvetjandi, notalegt og öruggt námsumhverfi. Börnunum eru kennd einkunnarorð leikskólans með því að vera með þeim í leik og örva um leið samvinnu, vináttu og ábyrgð. Lögð er áhersla á að umgangast börnin með virðingu og hlýju til þess að þau öðlist góða sjálfsmynd og læri að bera virðingu fyrir öðrum.

Starfsfólk leikskólans setur það sem markmið að börnin fari glöð og ánægð heim í lok dags og komi eftirvæntingarfull og ánægð næsta dag í leikskólann.



Hraunvallaskóli
VINÁTTA – SAMVINNA – ÁBYRGÐ

3.2 Faglegar stoðir

- * Í Hraunvallaleikskóla er barnið í brennidepli og starfshættir taka mið af þroska og þörfum hver barns
- * Horft er á að hvert barn sé einstakt og hæfileikaríkt
- * Áhersla er á að kennarinn hlusti á barnið og taki tillit til skoðana þess
- * Horft er á leikinn sem lífstjáningu og gleðigjafa barnsins
- * Áhersla er á nám í gegnum leik þar sem er tekið tillit til reynslu barnsins, getu og áhuga
- * Í leiknum lærir barnið athafnir daglegs lífs, að leysa vandamál, takast á við tilfinningar, samskipti við aðra, samvinnu og setja sig í spor annarra.

Í Hraunvallaleikskóla er lögð áhersla á að börnin læri viðurkennandi samskipti og horfum við til hugmyndafræði Berit Bae sem er norskur uppeldisfræðingur. Hún leggur áherslu á að ákveðnar forsendur þurfa að vera fyrir hendi svo jákvæð þróun eigi sér stað í þroska barna og í því sambandi bendir hún á mikilvægi viðurkennandi samskipta fyrir alhliða þroska þeirra. Viðurkennandi samskipti er grunnurinn sem allt hvílir á segir Berit. Viðhorf okkar til barna og framkoma skapar forsendur fyrir þroskamöguleika barna. Með viðurkennandi samskiptum fær barnið góða upplifun af því að læra nýja hluti og þannig verður það móttækilegt fyrir nýrri þekkingu. Með viðurkennandi samskiptum stuðlum við að þróun jákvæðrar sjálfsmyndar hjá börnunum þar sem upplifanir og tilfinningar þeirra eru virtar. Við lítum einnig til hugmyndafræði John Dewey þar sem áherslan er á að vinna með alla þroskaþætti barnsins og barnið hefur sjálft áhrif á eigin þroska sem og kennarinn. Leikurinn er ekki einungis gleðigjafi fyrir barnið heldur líka náms- og þroskaleið. Leikurinn hjálpar barninu að rannskaka umhverfi sitt, tjá tilfinningar og leysa vandamál sem gerir það að verkum að barnið þroskast og styrkir persónuleika sinn.

3.3 SMT

Unnið hefur verið með SMT skólafærni (School Management Training) í Hraunvallaleikskóla frá upphafi skólans. SMT er hafnfirsk útfærsla á bandarísku aðferðinni PBS (Positive Behavior Support) og er notuð til að fyrirbyggja, draga úr og stöðva hegðunarfrávik og skapa þar með jákvætt andrúmsloft. Viðbrögð starfsmanna eru samræmd og áhersla er lögð á að gefa jákvæðri hegðun gaum og nálgast börnin með jákvæðum hætti. Markmið er að skapa gott andrúmsloft í skólanum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfra félagsfærni, gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun.

Við styðjumst við reglutöflu Hraunvallaleikskóla sem byggir á einkunnarorðum skólans sem eru vinátta – samvinna og ábyrgð þannig að frá leikskóla og upp í unglingadeild eru skólareglur sem byggja á þessum einkunnarorðum yfir öll svæði skólans. Þarna höfum við í höndunum verkfæri sem auðveldar okkur að samræma viðbrögð okkar fullorðnu gagnvart nemendum. Í leikskólanum er byrjað að leggja góðan grunn að skólafærni nemenda sem fylgir þeim upp í grunnskólann þar sem haldið er áfram að vinna í sama umhverfi við að móta félagsfærni þeirra og halda áfram að byggja upp jákvætt andrúmsloft. Reglutafla skólans er byggð á einkunnarorðunum vinátta - samvinna – ábyrgð og undir þeim þáttum eru reglur skólans sem eru lagðar inn með markvissum hætti í hverri viku. Hvatningarkerfi okkar miðast af „Brosinu“ sem er tákn fyrir hvatningu sem við notum til þess að safna upp í Brosveislu. Þema brosveislunnar er ákveðin fyrirfram af barnahópnum og þegar ákveðnum fjölda brosa er náð er haldin Brosveisla.



3.4 Kennsluhættir leikskólans / Leikurinn

Í leikskólum skal velferð og hagur barna ávallt vera í forgrunni. Börnum skal veitt umönnun og menntun í hvetjandi og hollu uppeldisumhverfi þar sem öryggi í námi og leik er tryggt. Starfshættir leikskóla skulu byggjast á umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Í leikskóla þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði barna frá ýmsum hliðum.

Helstu þættir heilbrigðis sem leggja skal áherslu á eru:

- Jákvæð sjálfsmýnd
- Hreyfing
- Næring
- Hvíld
- Andleg vellíðan
- Góð samskipti
- Öryggi
- Hreinlæti
- Skilningur á eigin tilfinningum og tilfinningum annarra

Lýðræðislegt leikskólastarf grundvallast á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og virðingu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Börn eiga að finna að þau séu hluti af hópi og samfélagi þar sem réttlæti og virðing einkenna samskipti. Litið er á börn sem virka borgara og þátttakendur sem fá tækifæri til að leggja sitt af mörkum og hafa áhrif á umhverfi sitt.

Góð leið til að kynnast börnum er að eiga við þau samskipti og leika við þau. Börn læra í gegnum leik og eigin upplifanir. Námsvið leikskóla eru undirstaða náms barna; þau skarast og haldast í hendur við leik og daglegt starf. Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Dagskipulag leikskólans


KL:	
7:30-8:30	Leikskólinn opnar, rólegur leikur
8:30-8:50	Morgunmatur
8:50-9:10	Samvera
9:10-10:50	Hópastarf 2 hópar inni og 2 hópar úti /val mán og fös
10:50-11:10	Samvera
11:10-12:45	Hádegismatur og hvíld
12:45 – 14:30	Útivera og val
14:30 – 15:00	Samvera og nónhressing
15:00-16:30	Frjáls leikur/útivera
16:30	Leikskólinn lokar

Markmiðið með vali er að hjálpa barninu að taka sjálfstæðar ákvarðanir og sýna sjálfstæði. Í vinnustund læra börnin að starfa saman í hóp og vinna að sameiginlegum verkefnum. Þau læra lýðræðisleg vinnubrögð og bera virðingu fyrir skoðunum og verkum annarra. Unnið er með ákveðið mánaðarþema þar sem kennarinn skapar börnunum þekkingu og reynslu með því að fara reglulega í vettvangsferðir og kynna þau fyrir því samfélagi sem þau eru þátttakendur í. Börnin fá tækifæri á að leika úr þeirri reynslu sem þau öðlast í vettvangsferðum og vinna úr reynslu sinni í gegnum leik.

Þema hvers mánaðar er:

- Ágúst og september - Vinátta – Samvinna – Ábyrgð, SMT reglur lagðar inn og áhersla lögð á vináttuna
- Október - haustið
- Nóvember – slökun og tilfinningar
- Desember – jólin
- Janúar – veturinn – sköpun – þorrinn- víkingar
- Febrúar – líkaminn – heilbrigði og vellíðan
- Mars – hugtakaskilningur
- Apríl – páskar – fjölskyldan mín og fjölmenning
- Maí – vorið, umhverfi og náttúra
- Júní / júlí – sumar, víkingar, gleði, lýðræði og mannréttindi

Forsendan að árangursríku námi barna er reynsla og upplifun atburða af eigin raun. Áhersla er lögð á að skipulag og búnaður sé með þeim hætti og það stuðli að fjölbreyttum leik barna. Efniviður sé opin, sveigjanlegur og bjóði upp á meira en eina leið.



3.5 Námsumhverfi Hraunvallaleikskóla

Hraunvallaskóli er fyrsti skólinn á Íslandi sem hannaður er sem einn skóli fyrir börn á leik- og grunnskólaaldri. Hann er byggður með hugmyndafræði einstaklingsmiðaðs náms að leiðarljósi og tekur arkitektúr skólans mið af þeirri sýn.

Hraunvallaleikskóli býður börnum skemmtilegt og hvetjandi umhverfi til náms og leiks. Í aðalbyggingu skólans eru fjórar deildir sem eru opnar og bjartar, þar sem leikurinn fær að njóta sín í rúmgóðum rýmum.

Leikskólinn hefur yfir að ráða góðum fjölnotasali sem einnig er nýttur sem matsalur á matmálstímum. Deildirnar hafa allar aðgengi að fjölnotasalnum og bókasafni grunnskólans. Einnig nýtir leikskólinn íþróttahús skólans þegar því verður við komið.

Útisvæði leikskólans er opið, með stórt og fjölbreytt leiksvæði sem veitir börnum góða möguleika á leik og hreyfingu. Staðsetning skólans við hraunið býður jafnframt upp á fjölbreytt tækifæri til vettvangsferða þar sem börn fá að rannsaka og skoða náttúruna. Í þessum ferðum læra börnin smám saman að meta vegalengdir og styrkja þannig skilning sinn á samfélaginu og menningu þess.

Efniviðurinn sem börnin hafa aðgang að í Hraunvallaleikskóla hvetur þau til að nýta öll skynfæri, rannsaka og draga ályktanir. Leikskólakennarar og annað starfsfólk hafa það hlutverk að skapa fjölbreytt leikumhverfi með áhugaverðum efniviði sem vekur forvitni og ýtir undir ímyndunarafl barna.



4 Grunnþættir menntunar

Grunnþættir menntunar snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Þeir snúast líka um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það. **Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnréttindi og sköpum** eiga sér stoð, hver með sínum hætti í löggjöf fyrir leikskóla, ákvæði um menntun og fræðslu í skólakerfinu, stefnu stjórnvalda, stefnu alþjóðlegra stofnana og alþjóðlegra samninga sem Ísland er aðili að. Þegar stefnan var mörkuð var haft til hliðsjónar hugmyndir meðal annars um fagmennsku leikskólakennara og reynslu úr þróunarstarfi í leikskólum landsins. Hugmyndin að grunnþáttunum er sú að þeir eiga að endurspeglast í starfsháttum leikskólanna, þekkingu og leikni sem börnin afla sér sem og að vera sýnilegir í leikskólastarfinu (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 14).

4.1 Jafnrétti

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Jafnrétti er regnhlífarhugtak sem nær til margra þátta. Hér á eftir er upptalning nokkurra þeirra í stafrófsröð: Aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni og þjóðerni. Á öllum skólastigum á að fara fram menntun til jafnréttis þar sem fjallað er um hvernig ofangreindir þættir geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks. Áherslu ber að leggja á að drengir og stúlkur eigi sem víðtækasta og jafnasta möguleika. Hvergi í skólastarfinu, í inntaki né starfsháttum, ættu að vera hindranir í vegi hvors kynsins.

Í grunnþættinum jafnrétti er lögð áhersla á að fram fari nám um menningu, þjóðerni, tungumál, trúarbrögð og lífsskoðanir og með jafnrétti er einnig lögð áhersla á félagslegan skilning á því hvað felst í fötlun. Áskoranir fólks með fötlun eiga ekki síður rætur í umhverfinu en í skerðingu einstaklings. Leggja skal áherslu á skóla án aðgreiningar í öllu leikskólastarfinu (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls.19-20).

4. 1. 1 Jafnrétti í leikskólastarfinu

Markmið Hraunvallaleikskóla í að stuðla að jafnrétti í leikskólastarfi byggir á því að veita öllum jafna möguleika óháð aldri, búsetu, fötlun, kyni, kynhneigð, litarhætti, lífsskoðunum, menningu, stétt, trúarbrögðum, tungumáli, ætterni og þjóðerni. Lögð er áhersla á gott upplýsingaflæði til allra sem koma að leikskólanum. Í daglegu leikskólastarfi er áhersla á að það ríki jafnrétti á meðal kynja og skal leggja áherslu á að útrýma staðalímyndum. Leggja þarf áherslu á skilning á fötlun meðal allra aðila skólans og vinna samkvæmt skóla án aðgreiningar.

Hraunvallaleikskóli tekur fjölbreytileikanum fagnandi og fléttar jafnrétti inn í allar daglegar athafnir skólastarfsins. Börnin læra að við erum ólík og verðum að virða hvern einstakling eins og hann er. Í samverustundum tölum við um margbreytileika mannlífsins, lesum bækur, eigum samræður við börnin og í þeim leikaðstæðum sem við á.

4.2 Læsi

Læsi snýst um samkomulag manna um málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi og er því félagslegt í eðli sínu. Það er háð hefð og er því ekki færni sem einstaklingar geta öðlast og beitt óháð stað og stund, menningu og gildum. Meginmarkmið læsis er að börn séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.

4.2.1 Læsi í leikskólastarfinu

Málið er okkar helsta tæki til samskipta og náms. Læsi á ritmál og umhverfið er grunnur að góðum samskiptum. Læsi á ritmál er aukið með merkingum á öllum hlutum leikskólans og haft sýnilegt námsumhverfinu. Lestur bóka er mjög mikilvægur til að efla málþroska og skilning barna með því að útskýra erfið hugtök og tilfinningar sem koma fram í textum. Þegar lestrinum er lokið er hægt að opna umræður um bókina og leyfa börnunum að tjá upplifun sína. Með markvissri málörvun er verið að auka málþroska og skilning barna sem er grunnurinn að frekara námi. Allar daglegar aðstæður í leikskólanum eru notaðar til að eiga samræður og efla málþroska barna sem og hljóðkerfisvitund.



4.3 Heilbrigði og velferð

Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Allt leikskólastarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan enda verja börn stórum hluta dagsins í leikskóla. Í leikskólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, ögrandi og krefjandi útivist, næring, slökun og hvíld, andleg vellíðan, jákvæð samskipti, öryggi, hreinlæti og skilningur á eigin tilfinningum og annarra.

4.3.1 Heilbrigði og velferð í leikskólastarfinu

Hraunvallaleikskóli leggur áherslu á að efla heilbrigði og vellíðan í leikskólastarfi. Með því að upplýsa börnin um heilbrigða lífshætti og vera þeim góð fyrirmynd. Unnið er markvisst með hreyfingu innan- og utandyra sem hópstjóri heldur utan um. Áhersla er á fjölbreytileika og hollustu í matarræði. Mikilvægt er að vekja nemendur til umhugsunar um eigið heilbrigði, næringu og hreinlæti.



4.4 Sjálfbærni

Algengasti skilningur á hugtökunum sjálfbærni og sjálfbær þróun felur í sér að við skilum umhverfinu til afkomendanna í jafngóðu eða betri ástandi en við tókum við því og við leitumst við að mæta þörfum samtíðar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum. Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Í leikskólastarfi má leggja áherslu á að margt smátt gerir eitt stórt, ekki þarf að bíða eftir stóru breytingunum til að geta fagnað þeim smærri. **Umhverfið** og þar með náttúran umlykja allt mannlegt samfélag. Þannig þurfa börnin að þekkja, skilja og virða náttúruna. Í samfélagslegu tilliti snýst hugmyndafræðin um jöfnuð, innan kynslóðar og á milli kynslóða. Til þess að ná jöfnuði þurfum við að viðhafa lýðræðisleg vinnubrögð, hafa skilning á fjölbreytileika mannlífs og tryggja að fjölbreyttri menningu mismunandi hópa sé gert jafn hátt undir höfði. Efnahagslegur þáttur sjálfbærrar þróunar er nátengdur bæði umhverfis- og samfélagsþættinum. Þannig er mikilvægt að efnahagsvöxtur byggist hvorki á, né leiði til, óhóflegs ágangs á náttúruna. Í sjálfbærnimenntun felst að börn takist í námi sínu á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni.

4.4.1 Sjálfbærni í leikskólastarfinu

Markmið okkar er að skila umhverfinu eins og við tókum við því og gera nemendur okkar meðvitaða um mikilvægi þess að bera virðingu fyrir umhverfi sínu til jafns við aðra. Leiðir að markmiðum er að fara í vettvangsferðir, týna blóm, rusl og lauf til að nota í skapandi starf og kynna nemendur fyrir nærumhverfi sínu. Kynna nemendum ólíka menningarheima og virða margbreytileikann. Jól í skókassa er dæmi um verkefni þar sem við tengjum ólíkar aðstæður í heiminum.

Í leikskólanum er lögð áhersla á að flokka rusl og endurnýta pappír.



4.5 Sköpun

Nám á sér stað þegar einstaklingur vinnur með áreiti, tengir það fyrri þekkingu og skapar nýja. Þannig er menntun í rauninni sjálfssköpun, leið upplýsts einstaklings til að verða „meira í dag en í gær“. Sköpunarþrá á sér rætur í meðfæddri forvitni, athafnaþrá og stuðlar að frumkvæði einstaklingsins. Sköpunargleði leiðir til námsáhuga þegar börn og ungmenni skynja merkingu viðfangsefnanna og gildi þeirra. Í sköpun felst að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafli og leika sér með möguleika. Sköpun er að sjá fyrir það óorðna og framkvæma það. Þótt sköpun í almennum skilningi sé vissulega nátengd listum og listnámi er sköpun sem grunnþáttur ekki bundin við listgreinar fremur en aðrar námsgreinar og námssvið. Sköpun sem grunnþáttur skal stuðla að í grundun, persónulegu námi og frumkvæði í leikskólastarfi.

4.5.1 Sköpun í leikskólastarfi

Við getum fléttað sköpun á margan hátt í gegnum allan leik inni og úti, meðvitað og ómeðvitað og þannig í gegnum leikinn eflum við sköpunina mest og best. Sköpun er fyrst og fremst ferli, en þegar líður á rennur ferlið og afurðin í eitt. Við nýtum vel samveruna og smiðjuvinnuna til samræðna við nemendur og opnum fyrir hugmyndaflæði þeirra. Úti eru vettvangsferðir mikilvægar til þess að ýta undir sköðunarhæfni nemenda sem gefur þeim meiri sýn og hugmyndir að nýjum hlutum til að vinna úr. Með notkun á opnum efnivið eins og t.d. einingarkubbum er ýtt undir sköpunarhæfni og gleði nemenda. Þau nýta svo fyrri reynslu og upplifun á sköpun sinni með þeim efnivið sem þau vinna með hverju sinni.



4.6 Lýðræði og mannréttindi

Í lýðræðisríki þurfa borgararnir að búa við mannréttindi og ráða öllum meiriháttar málum sínum sameiginlega. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna, sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélagið sitt og hafa áhrif bæði nær og fjær. Þetta samræmist hugmyndum Johns Dewey um mikilvægi lýðræðis í menntun, þar sem hann lagði áherslu á að skólinn væri lítið samfélag sem ætti að undirbúa börn til virkrar þátttöku í lýðræðissamfélagi.

Virðing fyrir manngildi og heilbrigði barna felur í sér að virt séu mannréttindi þeirra og viðurkennt sé að þau búa yfir hæfileikum og þroskamöguleikum. Leikskólum ber að rækta það viðhorf, í anda kenninga Dewey, að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt og einstaklingarnir gagnrýnir og með framtíðarsýn.

Lýðræði er mikilvægt á vettvangi leikskólans. Í fyrsta lagi þurfa leikskólar að hafa í huga að börn eru þátttakendur í lýðræðissamfélagi og því er mikilvægt að þau læri um slík samfélög. Í öðru lagi þarf að tryggja að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins. Dewey taldi að börn ættu að fá að upplifa lýðræðisleg vinnubrögð í skólastarfi þar sem þau læra að meta sjónarmið annarra og finna að þau geti lagt sitt af mörkum. Umhyggja fyrir fólki, dýrum og umhverfi er einnig hluti af lýðræðismenntun og á heima í öllu leikskólastarfi.

Til að efla lýðræðislegt viðhorf þarf að leggja áherslu á virkt samstarf við heimili barnanna og grenndarsamfélagið innan sveitarfélags eða hverfis. Slíkt samstarf er jafnframt einn af lykilþáttum sjálfbærrar þróunar og fellur að kenningum Dewey um mikilvægi reynslu og þátttöku barna í eigin samfélagi til að efla skilning þeirra á samfélagslegri ábyrgð.

4.6.1 Lýðræði og mannréttindi í leikskólastarfi

Markmið lýðræðis í Hraunvallaleikskóla er að tryggja að allir séu jafnir og að hver og einn hafi rétt á eigin skoðunum. Lýðræði felur í sér mannréttindi, og einstaklingsmiðað nám gegnir lykilhlutverki við að mæta ólíkum þörfum barna. Börn af erlendum uppruna fá tækifæri til að aðlagast námsumhverfi og menningu til jafns við önnur börn, og rödd þeirra er jafnmikilvæg og íslenskra barna. Margar leiðir eru notaðar til að flétta lýðræði inn í daglegt starf leikskólans.

Mikilvægt er að fjölmenning fái að njóta sín og að allir njóti jafnræðis. Við leggjum áherslu á virðingu fyrir ólíkum menningarheimum og sjónarmiðum. Einnig teljum við mikilvægt að nemendur fái að velja sér viðfangsefni við hæfi. Allt rými leikskólans er nýtt til að efla lýðræðislega þátttöku barna, þar sem lögð er áhersla á að hlusta á börnin og sýna þeim virðingu fyrir því hver þau eru.

Við beitum virkri hlustun, virkjum börnin í samverustundum og búum til reglur í sameiningu svo öll eigi þátt í þeim. Mikilvægt er að nýta hvert tækifæri sem gefst til að ræða málín. Nemendur taka sameiginlega ákvörðun um hvað á að gera áður en byrjað er að safna brosum.

Við leggjum ríka áherslu á að börnin upplifi lýðræði og mannréttindi í leikskólastarfinu. Til þess notumst við meðal annars við eftirfarandi aðferðir:

- að börnin upplifi að þau hafi val,
- að börnin vinni markvisst með lífsleikni,
- að börnin taki þátt í að móta lýðræðisleg vinnubrögð og í mati á starfi leikskólans,
- að börnin upplifi að þau séu virt fyrir það sem þau eru, og að komið sé til móts við þau á grundvelli jafnréttis.

5 Samþætt og skapandi leikskólastarf

Nám í leikskóla er samþætt og fléttast námsþættir inn í daglegt starf barnanna á fjölbreyttan hátt. Slíkt samþætt nám stuðlar að mikilvægu námi og þroska hjá börnum. Börn læra í gegnum leik og í samskiptum við önnur börn, með stuðningi og hvatningu frá fullorðnum. Þessi nálgun samræmist vel kenningum John Dewey og Jóhönnu Einarsdóttur (2010) um mikilvægi reynslu, athafna og gagnvirkra samskipta í námi ungra barna.

Grunnþættirnir í námi leikskólans og hvernig þeir fléttast inn í daglegt starf:

Læsi og samskipti eru eflað með því að lesa fyrir börnin, nýta orðaleiki, söng, sögur, opnar spurningar og samræður bæði í skipulögðu starfi og frjálsum leik, auk þess sem tilfinningalæsi er þjálfað með markvissri hvatningu og því að ræða um eigin og annarra tilfinningar.

Heilbrigði og vellíðan eru höfð að leiðarljósi með fjölbreyttu hreyfistarfi, hollu mataræði, reglulegri hvíld og því að skapa öruggt og kærleiksríkt umhverfi þar sem börn finna til öryggis og vellíðunar.

Sköpun og menning eru hluti af öllu starfi leikskólans með listasmiðjum, tónlist, myndsköpun, leikrænum tjáningum og því að kynna börnum fjölbreytta menningu og hefðir.

Sjálfbærni og vísindi eru samþætt með könnunarferðum um nærumhverfi skólans, tilraunum, umræðum um náttúruna og því hvernig við getum borið ábyrgð á umhverfi okkar. Vettvangsferðir um hraunið í kringum skólann eru gott dæmi um hvernig vísindaleg nálgun og umhverfisvitund eru samþætt í leik og námi.

Í öllu starfi, hvort sem er inni eða úti, í skipulögðu sem óskipulögðu starfi, eru kennslufræðilegir leikir nýttir til að skapa lærdómsríkar leikreynslur sem vekja forvitni, efla félagsfærni og styðja við heildrænan þroska barnanna.

5.1 Læsi og samskipti – markmið og leiðir

Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 42). Markmið leikskólans er að auka málkilning og máltjáningu barna, stuðla að góðum samskiptum og efla getu þeirra til að lesa í eigin tilfinningar og tilfinningar annarra, umhverfi sitt og upplýsingatækni.

Leiðir leikskólans að markmiðunum eru:

- Að auka orðaforða barna í gegnum leik.
- Að lesa reglulega fyrir börnin.
- Að ræða við börnin um bækurnar sem lesnar eru, höfund þeirra og útlit bókanna.
- Að vinna markvisst með orðaleiki og leggja áherslu á orðakennslu samhliða lestri.
- Að vinna með bækurnar Tölum saman og Orðagull.
- Að nýta Sögugrunninn í starfinu.
- Að nota opnar spurningar í samskiptum við börnin.
- Að vinna með söng, vísur og þulur.
- Að vinna með upplýsingatækni og spjaldtölvur.
- Að hjálpa börnum að vinna með eigin tilfinningar og þjálf þau í að setja sig í spor annarra.
- Að efla læsi á umhverfið með tíðum vettvangsferðum í nánasta umhverfi skólans.
- Að vinna markvisst með hvatningu og hrós. Að skapa læsishvetjandi umhverfi í leikskólanum.
- Að tryggja að starfsfólk sé börnunum góðar fyrirmyndir í samskiptum.



5.2 Heilbrigði og vellíðan - markmið og leiðir

Daglegar athafnir í leikskóla eiga að stuðla að líkamlegri og andlegri vellíðan barna og góðri heilsu. Umhyggja, öryggi og góð tengsl milli starfsfólks og barna skipa stóran sess í starfi leikskólans, þar sem mikilvægt er að byggja upp traust og nánar tengsl sem stuðla að vellíðan og sjálfstrausti barna (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 43).

Í Hraunvallaleikskóli er markmiðið að vinna markvisst að því að efla og styðja við velferð og góða heilsu barna, starfsfólks og samfélagsins alls. Í heilsuefandi skóla er lögð áhersla á mikilvæga þætti eins og vellíðan nemenda, mataræði og tannheilsu, tengsl við heimili, geðrækt, nærsamfélagið, hreyfingu og öryggi, heilbrigðan lífsstíl og vellíðan starfsfólks.

Leiðir leikskólans að markmiðunum eru:

- Að skapa góðar og jákvæðar aðstæður í matartímum með því að hvetja börnin til að smakka fjölbreyttan mat og vera þeim góðar fyrirmyndir.
- Að upplýsa börnin um heilbrigða lífshætti með umræðum og verkefnum sem tengjast næringu, hreyfingu og vellíðan.
- Að ræða við börnin um muninn á hollri og óhollri fæðu og tengja umræðuna fæðuhringnum á aðgengilegan hátt.
- Að kynna börnum sitt nærumhverfi og ræða hvernig umhverfi og náttúra tengjast heilsu og lífsstíl.
- Að leggja áherslu á góða líðan, gleði og jákvætt andrúmsloft í leikskólastarfinu.
- Að skapa rólegt, öruggt og þægilegt námsumhverfi sem stuðlar að vellíðan barna.
- Að efla jákvæða umræðu um mikilvægi hreyfingar, útivistar og líkamlegrar virkni sem hluta af daglegu lífi.
- Að leggja inn markvissa geðrækt til að efla tilfinningagreind, sjálfsmynd og félagsfærni barna.
- Að styrkja jákvæð samskipti og félagsleg tengsl milli barna og milli barna og starfsfólks.
- Að vinna með tannheilsuverkefni til að auka meðvitund um mikilvægi tannhreinsunar og góðrar tannheilsu.
- Að bjóða upp á fjölbreytt úrval ávaxta til að kynna börnum hollt og næringarríkt snarl.
- Að vinna markvisst með hugmyndafræði heilsuefandi skóla í öllu starfi leikskólans.




5.3 Sjálfbærni og vísindi - leiðir

Mikilvægt er að kenna börnum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru og skapa þeim tækifæri til að upplifa, njóta og tengjast náttúrunni á eigin forsendum. Með því að ýta undir forvitni, ígrundun og vangaveltur barna er stuðlað að dýpri skilningi þeirra á heiminum í kringum þau. Börn þurfa að fá stuðning við að spyrja spurninga, prófa eigin hugmyndir og leita mismunandi lausna. Jafnframt ber að efla vísindalega hugsun barna, aðstoða þau við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 44).

Markmið leikskólans er að skila umhverfinu eins og við tókum við því og gera nemendur meðvitaða um mikilvægi þess að bera virðingu fyrir náttúru og umhverfi, jafnt fyrir sig sem og aðra. Einnig er lögð áhersla á að vinna með hringrásina í náttúrunni, auka skilning á tölum, táknum og mynstrum ásamt því að vinna með eiginleika efna og hluta á fjölbreyttan hátt.

Leiðir leikskólans að markmiðunum eru:

- Að gera börnin snemma meðvituð um umhverfi sitt og mikilvægi þess.
- Að gefa börnunum tækifæri til að tjá skoðanir sínar og upplifanir í samræðum og umræðum.
- Að tengja vettvangsferðir við árstíðir og náttúrulegar breytingar í umhverfinu.
- Að vinna með náttúruna í öllum aðstæðum, bæði inni og úti, í skipulögðum og óskipulögðum verkefnum.
- Að vinna með hreyfingu, hraða og hvernig hlutir breytast þegar þeim er ýtt, dregið eða kastað.
- Að gera börnin virk í flokkun rusls og pappírs til að auka meðvitund þeirra um umhverfisvernd og sjálfbærni.
- Að kynna börnum fjölbreyttan efnivið sem þau geta rannsakað og notað á skapandi hátt.
- Að börnin vinni með ljós og skugga til að skilja sjónrænar breytingar og efla skynjun þeirra.
- Að kenna börnum að gera tilraunir, fylgjast með ferlum og draga ályktanir af niðurstöðum sínum.
- Að nota stærðfræðiverkfæri á borð við Numicon til að efla skilning á stærðum, mynstrum, fjölda og tölum á leikrænan hátt.



5.4 Sköpun og menning - leiðir

Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna og á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. Menning er samofin öllu starfi leikskólans og tengist bæði leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 45).

Markmið leikskólans er að búa börnum skapandi umhverfi við allar daglegar aðstæður í skólanum og efla þekkingu þeirra á félagslegu og menningarlegu umhverfi sínu. Með þessu er stuðlað að fjölbreyttum leiðum til tjáningar og aukinni hæfni barna til að miðla eigin hugmyndum, tilfinningum og sköpunarkrafti.

Leiðir leikskólans að markmiðunum eru:

- Að hafa efnivið sýnilegan og aðgengilegan svo börnin geti sjálf valið viðfangsefni sín.
- Að hvetja börnin til að skapa sinn eigin stíl og virkja sjálfstæði þeirra og frumkvæði.
- Að vekja forvitni barna til að rannsaka umhverfið sitt og prófa nýjar hugmyndir.
- Að kennarar séu hvetjandi í leik barna og leiði þau áfram í skapandi verkefnum með opnum spurningum og jákvæðri hvatningu.
- Að börnin kynnist fjölbreyttum efnivið til þess að skapa og læri að nýta hann á mismunandi vegu.
- Að efla sköpun barna í gegnum allt leikskólastarfið, bæði í skipulögðum og óskipulögðum verkefnum.
- Að veita börnum tækifæri til að kynnast ólíkum menningarheimum og auka skilning þeirra á fjölbreytileika samfélagsins.
- Að virkja börnin til að koma með eigin hugmyndir að verkefnum og taka þátt í skipulagningu þeirra, sem styrkir lýðræðislega þátttöku þeirra í skólastarfinu.

Helstu viðburðir í leikskólanum:

Afmæli eru haldin hátíðlega á deild barnsins þar sem afmælisbarnið er í öndvegi

Jólaball er á vegum foreldrafélagsins í desember

Í desember fara tveir elstu árgangar í Sívertsen hús og fá fræðslu um hvernig jólin voru í gamla daga.

Í janúar hefst þorrinn, í kringum bóndadag koma pabbar og afar í morgunmat með börnunum. Þegar góa hefst koma mömmur og ömmur í morgunmat með börnunum. Á þessum tíma fáum við einnig viking í heimsókn sem segir okkur frá vikingum og þeirra tíma.

Í febrúar höldum við upp á Bolludag, Sprengidag og Öskudag með hefðbundnum hætti

Í mars og apríl er unnið með páska og fjölmenningu þar sem unnið er úr menningu þeirra landa sem börnin okkar koma frá

Í maí og júní tökum við þátt í Björtum dögum í Hafnarfirði, elstu börnin fara í útskriftarferð og útskrifuð með hátíðlegum hætti. Sumarhátíð er haldin í leikskólanum.



6 Fjölskyldan, upplýsingamiðlun og leikskólinn

Foreldrar bera meginábyrgð á velferð og uppeldi barna sinna. Leikskólinn er viðbót við það uppeldi sem börnin fá heima fyrir. Hraunvallaleikskóli leggur ríka áherslu á gott samstarf heimilis og skóla og telur það vera forsendu fyrir vellíðan barnsins í leikskólanum. Lögð er áhersla á að dagleg samskipti og upplýsingamiðlun séu til staðar bæði munnlega og skriflega. Upplýsingatöflur eru fyrir framan hverja deild þar sem upplýsingar eru aðgengilegar. Einnig sendum við upplýsingar í gegnum netpóst foreldra og skilaboðakerfi Völu.

6.1 Foreldrasamtöl

Samkvæmt 9. grein laga um leikskóla nr. 90/2008 kemur fram að foreldrar skuli gæta hagsmuna barna sinna. Þeir skulu hafa samráð við starfsfólk leikskóla og fylgjast með skólagöngu barna sinna og veita þær upplýsingar sem kunna að skipta máli fyrir skólastarfið og stöðu barna sinna. Foreldrar eiga jafnframt rétt á upplýsingum um skólastarfið.

Foreldrasamtöl í Hraunvallaleikskóla eru tvisvar á ári, tveimur mánuðum eftir afmælisdag barnsins og aftur hálfu áru eftir það. Í samtalinu gefst tækifæri til samræðna um líðan barnsins, nám, þroska í leikskólanum og heima fyrir. Samtölin geta orðið fleiri ef foreldrar og leikskóli óska eftir því. Túlkaþjónusta er til staðar ef þörf er á.

6.2 Opið hús

Hraunvallaleikskóli er með opið hús fyrir fjölskyldur barnanna. Það er okkur mjög mikilvægt að foreldrar séu ávallt velkomnir í leikskólann. Við höfum opið hús hjá okkur með reglulegum hætti við hina ýmsu viðburði í skólastarfi okkar. Nánar má sjá í skóladagatali leikskólans.



6.3 Foreldrafundir

Foreldrafundir fyrir nýja foreldra eru haldnir að hausti þar sem starf leikskólans er kynnt. Á haustin eru haldnir foreldrafundir þar sem farið er yfir áherslur og starf leikskólans.

6.4 Foreldraráð

Foreldraráð er lögboðinn vettvangur foreldra til þess að koma skoðunum sínum á framfæri við skólastjórnendur. Samkvæmt 11. grein laga um leikskóla 2008/90, skal kjósa foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið. Í foreldraráði sitja a.m.k. þrír foreldrar. Kosning í foreldraráð fer fram í september á hverju ári og skal kosið til eins árs í senn. Foreldraráð setur sér starfsreglur. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri funda eftir þörfum nokkru sinnum á ári með foreldraráði. Meginhlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefnda, sbr. 2 mgr. 4gr. um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans.



6.5 Foreldrafélag

Í Hraunvallaleikskóla er starfandi foreldrafélag sem er styðjandi fyrir allt starf leikskólans. Foreldrafélag er samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í leikskólanum. Lög og reglur félagsins eru:

1. gr. Félagið heitir Foreldrafélag Hraunvallaleikskóla.
2. gr. Heimili félagsins og varnarþing er í Hafnarfirði Drekavöllum 9
3. gr. Tilgangur félagsins er að stuðla að aukinni afþreyingu fyrir börnin, stuðla að uppbyggilegri fræðslu fyrir foreldra og hafa eftirlit með starfsemi leikskólans í samstarfi við stjórnendur leikskólans.
4. gr. Tilgangi sínum hyggst félagið ná með að halda lýðræðislega fundi og halda öflugum samstarfi með foreldrum barna í leikskólanum auk starfsmanna leikskólans.
5. gr. Stofnfélagar voru: Hildur Erlingsdóttir, Harpa Gústavsdóttir, Dagmar Gústafsdóttir og Ragnheiður B. Guðmundsdóttir
6. gr. Félagsaðild. Allir foreldrar leikskólabarna eru í foreldrafélagi leikskólans, nema að þeir haki við nei á leikskólasamningi barnsins í upphafi leikskólagöngu.
7. gr. Stjórn félagsins skal skipuð mörgum félagsmönnum þ.e. formanni, varaformanni, gjaldkera, ritara, upplýsingafulltrúa auk meðstjórnenda. Stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára í senn en formaður skal kosinn á hverjum aðalfundi. Formaður boðar stjórnarmenn á stjórnarfundi sem haldnir verða fyrsta miðvikudag hvers mánaðar og þegar þurfa þykir. Daglega umsjón félagsins annast formaður, varaformaður, ritari og gjaldkeri í samstarfi við meðstjórnendur. Firmaritun félagsins er í höndum: upplýsingafulltrúa auk allrar stjórnar sameiginlega.
8. gr. Starfstímabil félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi félagsins skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Aðeins félagsmenn mega vera þáttakendur í aðalfundi.
9. gr. Árgjald félagsins er 6000 krónur og skal það innheimt í tvennu lagi, að hausti 3000 krónur og svo að vori 3000 krónur.
10. gr. Rekstrarafgangi / hagnaði af starfsemi félagsins skal var til tómstunda og fræðslu er varðar börnin í leikskólanum.
11. gr. Ákvörðun um slit félagsins verður tekin á aðalfundi/stjórnarfundi með einföldum meirihluta. Lög þessi voru samþykkt á stofnfundi félagsins og öðlast gildi 1. nóvember 2006.

7 Tengsl skólastiga og tengsl við nærumhverfið

Skólaganga barna á að mynda samfellda heild þannig að reynsla og nám barna á fyrri skólastigum nýtist þeim á næsta skólastigi. Að ljúka leikskólanámi og byrja í grunnskóla felur í sér breytingar fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Mikilvægt er að nám og uppeldi í grunnskóla byggist á fyrri reynslu og námi barna, til að skapa þeim öryggi og ný námstækifæri. Þannig þarf sú þekking og þau viðfangsefni, sem börnin eru að fást við í leikskólanum að verða grunnur sem grunnskólanámið byggist á, jafnframt því sem þau fá tækifæri til að takast á við ögrandi verkefni og öðlast nýja reynslu. Hraunvallaleikskóli er sameiginlegur leik- og grunnskóli og því er okkur mikilvægt að samstarfið sem er á milli skólastiganna þróist með hverju ári í átt að meiri samfellu í námi barna. Samvinna á milli skólastiga í Hraunvallaleikskóla er mikil og á það við um öll börn í skólanum.

Samstarf er jafnt og þétt yfir veturinn milli elstu barna og barna í 1. bekk grunnskólastigs. Börnin fara í reglulega heimsóknir í 1. bekk, íþróttir með íþróttakennara og frístund. Samstarf milli 6. bekkjar og elstu barnanna vegna útskriftar leikskólabarna hefur fest sig í sessi og aðstoða þau okkur við að æfa atriði sem sýnt er í útskriftinni. Yngri deildar eru í samstarfi við 5. bekk í tengslum við Dag íslenskrar tungu 16. nóvember. Nemendur í 8. 9. og 10. bekk grunnskólans geta valið leikskólann sem valgrein sína og eru þeir að kynna sér leikskólastarfið.



7.1 Sérkennsla

Sérkennslustjóri starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, lögum um málefni fatlaðra, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla og stefnu viðkomandi sveitarfélags. Ber ábyrgð á og stjórnar skipulagningu, framkvæmd og endurmati sérkennslunnar í leikskólanum ásamt leikskólastjóra.

Hann hefur yfirumsjón með gerð verkefna og ber ábyrgð á gerð einstaklingsnámskráa fyrir börn sem njóta sérkennslu. Hefur yfirumsjón með að áherslum um kennslu annarra sérfræðinga sé framfylgt í leikskólanum og að skýrslur séu gerðar. Vinnur í nánú samstarfi við foreldra/forráðamenn barna sem njóta sérkennslu í leikskólanum og situr fundi og viðtöl með þeim. Veitir foreldrum/forráðamönnum barna sem njóta sérkennslu stuðning, fræðslu og ráð. Ber að hafa náið samstarf við sérkennsluráðgjafa og aðra sérfræðinga sem tengjast leikskólanum vegna barna sem njóta sérkennslu.

Greiningartæki sem stuðst er við í Hraunvallaleikskóla – leikskóla á þroskaþáttum barna eru:

- TRAS (metur málþroska barna)
- Orðaskil (metur málþroska barna)
- AAL listinn (metur líðan og hegðun barna)
- Íslenski þrosklistinn (metur almennan þroska fyrir utan félagsþroska)
- Íslenski smábarnalistinn (metur almennan þroska fyrir utan félagsþroska)
- Hljóm 2 (metur Hljóðkerfisvitund barna)
- EAPS listinn (metur almennan þroska barna)
- Matslistar fyrir foreldrasamtöl (meta almennan þroska barna)



8 Mat og eftirlit

Mat á skólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi barna séu virt svo þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum. Mat á skólastarfi er tvíþætt, annars vegar mat sem skólar framkvæma sjálfir og hins vegar mat sem utanaðkomandi aðili vinur á vegum sveitarfélagsins, mennta- og menningarmálaráðuneytis eða annarra aðila. Mat á skólastarfi er meðal annars ætlað að fylgjast með að ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskráa sé fylgt eftir. Í öðru lagi er markmiðið að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi barnanna séu virt og að börn fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Að lokum er tilgangur mats á skólastarfi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun (Aðalnámskrá leikskóla, 2011 bls. 26 -27 og 54)

8.1 Ytra mat á leikskólastarfi

Leikskólarnir bera sjálfir ábyrgð á innra mati en ráðuneytið eða sveitarfélagið sér um ytra matið sem á að felast í úttektum á skólastarfinu eða einstökum þáttum þess. Fræðsluráð hefur eftirlit með því að starfsemi leikskóla samræmist leikskólalögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla. Það er meðal annars gert með því að kalla eftir starfs- og símenntunaráætlunum, skóladagatölum og öðrum forvarnaráætlunum er við á hverju sinni. Ráðið ber ábyrgð á að skólastarfið sé metið með hliðsjón af aðstæðum og sérstöðu hvers leikskóla og að skólinn meti innra starf sitt með marvissum hætti. Reglulega eru lagðar fyrir foreldra viðhorfakannanir um líðan og menntun barnanna sem og könnun lögð fyrir starfsmenn þar sem þeir leggja mat á starfsaðstæður sínar.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið ber ábyrgð á því að fylgjast með því að sveitarfélög uppfylli lögbundnar skyldur sínar gagnvart skólum. Aðalnámskrá myndar grunn viðmiða sem skólastarfið hvílir á en í skólanámskrám útfærir skólinn nánar þau markið og viðmið sem sett eru fram í aðalnámskrá. Innra- og ytramat á skólastarfi á að ná til allra lögbundinna marmiða skólastarfsins, þ.m.t. hlutverk skóla að styrkja börn til þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi, efla frumkvæði og sjálfstæða hugsun þeirra, samskiptahæfni og fleiri atriði sem tengist meðal annars grunnþáttum menntunar (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 28 og 55).



8.2 Innra mat á leikskólastarfi

Í Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 27, 54 og 55 er kveðið á um að við innra mat skuli gerð grein fyrir tengslum við þau markmið sem sett eru fram í skólanámskrá og að aðferðirnar taki mið af viðfangefnunum sem unnið er að hverju sinni. arfsins Innra matið á að byggjast á kerfisbundnum aðferðum sem birtast hér í þessari skólanámskrá (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 27, 54 og 55). Í aðalnámskrá er lagt til að innra matið fléttist saman við daglegt starf og að það eigi að ná til allra þátta skólastarfsins, svo sem stjórnunar, starfs- og kennsluhátta og samskipta innan og utan deilda. Þá er lögð áhersla að allt skólasamfélagið taki þátt í mat á skólastarfinu. Innra matið veitir upplýsingar um styrkleika í starfi leikskólans og það sem betur má fara. Í ljósi niðurstaðna innramats er gerð áætlun um umbætur og skilgreindar leiðir að þeim. Meginmarkmið með matinu er að auka gæði í starfinu með börnunum.

Eftirfarandi atriði eru lögð til grundvallar varðandi matsþætti :

* Hvað þarf hvert barn í leikskóla til þess að þroskast andlega, félagslega, tilfinningalega og vitsmunalega ?

* Hvernig skipuleggja leikskólakennarar umhverfið þannig að það mæti sem best þörfum barnsins ?
SMT er metið með SET lista sem er matslisti sem mælir þá þætti sem eiga að vera til staðar.

8.2.1 Mat barna

Allt leikskólastarf snýst fyrst og síðast um börnin okkar. Það er okkur mikilvægt að börnunum líði vel í leikskólanum og því er nauðsynlegur þáttur starfsins að fá börnin til þess að meta ýmsa þætti í námi sínu í leikskólanum. Við í Hraunvallaleikskóla leggjum mat fyrir börnin okkar tvisvar sinnum á ári, á haustönn og svo á vorönn. Mat okkar byggir á tilbúnum opnum spurningalistum þar sem börnin eru spurð og listunum svarað.

8.2.2 Mat starfsmanna leikskólanna

Hafnarfjarðarbær leggur starfsmannakönnun fyrir annaðhvert ár. Starfið er endurmetið reglulega á deildarstjórafundum og starfsmannafundum með ígrundun og umræðum.

8.2.3 Mat foreldra

Hafnarfjarðarbær leggur foreldrakönnun fyrir annaðhvert ár. Við í Hraunvallaleikskóla leggjum fyrir foreldrakönnun árið á móti Hafnarfjarðarbæ og þar af leiðandi fáum við mat foreldra á hverju ári sem er okkur mikilvægt til þess að endurmeta og efla skólastarf okkar. Foreldrar eru hvattir til þess að hafa samband við skólann til þess að koma ábendingum sínum á framfæri.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Ingibjörg Jóhannsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir og Torfi Hjartarson. (2012). Sköpun – Grunnþáttur menntunar á öllum skólastigum. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.

Kristín Dýrfjörð, Þórður Kristinsson og Berglind Rós Magnúsdóttir. (2013). Jafnrétti Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.

Lög um leikskólanr. 90 /2008.

Margrét Héðinsdóttir, Fanný Gunnarsdóttir og Erla Kristjánsdóttir. (2013). Heilbrigði og velferð – Grunnþáttur menntunar á öllum skólastigum. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun

Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir. (2012). Lýðræði og mannréttindi – Grunnþáttur menntunar á öllum skólastigum. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun

Sigrún Helgadóttir. (2013). Sjálfbærni – Grunnþáttur menntunar á öllum skólastigum. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.

Stefán Jökulsson. (2012). Læsi – Grunnþáttur menntunar á öllum skólastigum. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.